

Akstursþjónusta fólks með fötlun hefur það að markmiði að gera þeim sem ekki geta nýtt almenningsfarartæki vegna fötlunar kleift að stunda atvinnu, nám og njóta tómstunda. Sérútbúnir bílar eru notaðir í akstursþjónustunni til að geta ekið fólki sem notar hjóla-stóla. Kópavogsbær hefur samþykkt reglur um akstursþjónustu fatlaðra, sjá www.kopavogur.is

Hverjir eiga rétt?

Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga 40/1991 með síðari breytingum eiga þeir rétt á akstursþjónustu sem geta ekki notað almenningsvagna vegna fötlunar. Lögblindir geta sótt um að ferðast með leigubílum skv. samningi Kópavogsbæjar og Blindrafélagsins.

Hvernig er sótt um?

Umsóknir um þjónustu þurfa að berast skriflega eða á rafrænu formi til velferðarsviðs. Eyðublöð má fá í afgreiðslu velferðarsviðs, eða á heimasíðu Kópavogsbæjar www.kopavogur.is Umsókn þarf að vera undirrituð af umsækjanda sjálfum, talsmanni hans eða forsjáraðila. Með umsókn þarf að fylgja læknisvottorð og/eða vottorð frá öðrum fagaðila þar sem staðfest er fötlun og skortur á getu viðkomandi til að ferðast með almenningsvögnum. Í umsókn þurfa að koma fram ástæður fyrir umsókn, svo og óskir um fjölda ferða.

Hve mikla akstursþjónustu er hægt að fá?

Heildarfjöldi ferða er að hámarki 68 ferðir á mánuði. Ferðir eru ætlaðar til og frá vinnu, skóla og hæfingu. Fjöldi ferða til annarra erindagjörða er takmarkaður við 24 ferðir á mánuði. Umsóknir eru teknar fyrir á málafundum að jafnaði sjö dögum eftir að umsókn og gögn hafa borist.

Hvernig er greitt fyrir akstursþjónustu?

Gjaldskrá fyrir akstursþjónustu tekur mið af gjaldskrá strætó. Gjald fyrir almenna akstursþjónustu **miðast við helming af almennu fargjaldi Strætó**. Aukagjald leggst ofan á almennt gjald ef ferð er ekki pöntuð með fyrirvara, þ.e. fyrir kl. 16:00 daginn áður eða ef um er að ræða kvöldferð þá þarf að panta fyrir kl. 16:00 þann dag.

Gjaldskrá með leigubíl fyrir lögblinda miðast við fullt fargjald Strætó. Kostnaðarhlutdeild notanda hækkar sem nemur einu staðgreiðslufargjaldi Strætó fyrir hvert kostnaðarþrep. Gjaldið er innheimt í heimabanka um hver mánaðarmót.

Dæmi um kostnaðarþátttöku notanda þjónustunnar:

Kostnaður ferðar allt að: 9.684 kr., kostnaðarhlutdeild notanda: 670 kr.

Kostnaður ferðar frá 9.685 allt að 11.684 kr., kostnaðarhlutdeild notanda: 1.340 kr.

Kostnaður ferðar frá 11.685 allt að 13.684 kr., kostnaðarhlutdeild notanda: 2.010 kr.

Kostnaður ferðar frá 13.684 allt að 15.684 kr., kostnaðarhlutdeild notanda: 2.680 kr.

**Verð eru sett fram með fyrirvara um breytingar í gjaldskrá.*

Hver hefur eftirlit og umsjón með þjónustunni?

Akstursaðilar hafa umsjón með daglegri framkvæmd þjónustunnar. Notendum er bent á að snúa sér til akstursaðila eða fulltrúa á velferðarsviði til að fá upplýsingar um mál sem tengjast akstursþjónustunni eða til að koma á framfæri ábendingum og/eða kvörtunum.

- Fulltrúi akstursþjónustu á velferðarsviði:
- Sigríður Ragnarsdóttir: sirryr@kopavogur.is
- Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir er skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og sértækrar ráðgjafar kristinthyri@kopavogur.is

Hægt er að hafa samband við þjónustuborð í síma 441-0000 alla daga.

Einnig er hægt að skilja eftir skilaboð í þjónustuveri Kópavogsbæjar, og fulltrúi mun hafa samband.